

Skýrsla

um skólahald á Litla-Hrauni og í Bitru/Sogni skólaárið 2011 – 2012

Skólahald á **haustönn** á Litla-Hrauni og í Bitru var að mestu leyti með hefðbundnum hætti, nema hvað sk. „laus skólastofa“ var mætt á hlaðið í Bitru helgina áður en kennsla hófst þar. Hún var strax tekin í notkun og kenndu þrír kennarar, mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagsmorgna þar í 80 mínútur sinn daginn hver.

Auk þess kom kennslustjóri einnig vikulega í Bitru og námsráðgjafi tvisvar í viku. Alls voru 13 nemendur skráðir í staðbundið nám þar, einn stundaði nám þaðan á Selfossi og annar í Tækniskólanum í Reykjavík, en báðir höfðu áður stundað nám við FSu á Litla-Hrauni.

Á Litla-Hrauni innrituðust alls 39 nemendur í eitthvert nám á vegum FSu.

Alls preyttu 34 nemendur einhver próf í 30 áföngum, en í átta áföngum til viðbótar skilaði sér enginn til lokaprófs eða hafði ekki lokið öllum skylduverkefnum í viðkomandi símatsáfanga. Í flestum þeirra tilfella höfðu nemendur þá losnað úr gæsluvarðhaldi eða heykst á algeru utanskólanámi.

Í fyrrgreindum 38 áföngum voru 276 námseiningar lagðar undir og skilaði rúmur helmingur þeirra sér í hús, eða samtals 156 einingar. Hátt í helming þeirra innbyrtu nemendur í Bitru, þótt þeir væru aðeins riflegur þriðjungur nemendahópsins.

Auk áðurnefndra 53 vistmanna, sem innrituðust í nám á vegum FSu á önninni, stunduðu sjö vistmanna fangelsanna tveggja háskólanám – ýmist við HA, HÍ eða HR – og nutu þar gjarnan fyrirgreiðslu Háskólafélags Suðurlands, HfSu. Hafa þeir eina kennslustofu á Litla-Hrauni sérstaklega til að sinna sínu fjarnámi og er hún útbúin fjarfundabúnaði sem er að láni frá HfSu.

13. september féll skólahald á niður en þess í stað var nemendum á Litla-Hrauni boðið til afmælisfagnaðar í íþróttasal fangelsisins kl. 10:30 í tilefni af 30 ára afmæli FSu. Kennslustjóri hélt þar stutta tölu um starfsemina á liðnum áratugum. Í Bitru var afmælinu einnig fagnað eftir hádegi með sömu tölu, kaffi og kruðeríi líkt og á Litla-Hrauni.

Í annarlok funduðu fangelsiskennarar með stjórnendum fangelsanna, stjórnendum FSu, námsráðgjafa og kennslustjóra fangelsanna að ógleymdum Erlendi S. Baldurssyni, deildarstjóra í Fangelsismálastofnun ríkisins. Fundað var í skólastofunni í Bitru. Var fundurinn talinn gagnlegur og ýmsar tillögur til úrbóta komu fram.

Í októberlok sótti kennslustjóri 13. ráðstefnu EPEA, sem að þessu sinni var haldin í Manchester. Í ráði er að 14. ráðstefnan, sem haldin verður árið 2013, verði haldin í Hveragerði, en hluti ráðstefnugesta komi til með að gista á Selfossi.

Á **vorönn** 2012 hófst skólahaldið í báðum fangelsunum 9. janúar. Alls var 51 nemandi innritaður í nám á vegum FSu, einn stundaði fjarnám á vegum Promennt.is og sex voru í háskólanámi. Í annarlok bættist einn í nemendahópinn, en hann hafði stundað nám við

Tækniskólinn og tók nokkur próf þaðan fyrir milligöngu kennslustjórans á Litla-Hrauni. Eins og jafnan áður heltust allmargir úr lestinni áður en önninni lauk.

Um miðjan aprílmánuð fluttist sú starfsemi, sem verið hafði í Bitru, að Sogni í Ölfusi og var skólastofan þá líka flutt með. Vonir standa til, að þetta verði til að auka enn framboð á áföngum þar, en aðstaða þar er ágæt, til dæmis til að kenna matreiðslu.

Á Litla-Hrauni lögðu 29 FSu-nemar alls 194 einingar undir námsmat á önninni og stóðust 129 þeirra; þar af átti einn nemandi 27 eininganna.

Í Bitru og síðar í Sogni lögðu 9 nemendur 68 einingar undir og skiluðu 43 þeirra sér í hús. Alls voru því innbyrtar 172 einingar á vegum FSu á önninni í fangelsunum tveimur. Algengasta einkunnin á báðum stöðum - hjá þeim sem á annað borð skiluðu sér til prófs - var einkunnin 8.

Sjö kennarar auk kennslustjóra mættu reglulega á Litla-Hraun til kennslu og auk þess sinntu 11 kennarar fjarnámi þar. Staðbundinni kennslu í Bitru og síðar á Sogni sinntu þrír kennarar auk kennslustjóra og þrír aðrir sinntu fjarnámi þar. Anna Fríða Bjarnadóttir var áfram í fullu starfi sem námsráðgjafi í fangelsum landsins.

Fimm fartölvur bættust við tækjakost skólans á Litla-Hrauni á önninni og eru fartölvur þar því orðnar tíu talsins. Þær leysa af hólmi átta borðtölvur frá árinu 2004, en ein þeirra er þó enn nýtt sem prentarabjónn. Einnig bættist nýtt tæki við kostinn á Litla-Hrauni, en það er sambyggð ljósrítunarvél og prentari sem einnig nýtist sem skanni. Þetta er fyrsta ljósrítunarvélin og skanninn sem keypt er sérstaklega til skólahaldsins á staðnum.

Að afloknu skólahaldi annarinnar funduðu fangelsiskennarar með stjórnendum fangelsanna, stjórnendum FSu, námsráðgjafa og kennslustjóra fangelsanna og Erlendi S. Baldurssyni. Fundað var í skólastofunni í Sogni. Fráfarandi skólameistari FSu, Örlygur Karlsson, kunngerði þar m.a., að starfshlutfall vegna kennslustjórnar í fangelsunum tveimur yrði nú hækkað úr 25% í 50%.

Stokkseyri, 24. maí 2012

Ingis Ingason, kennslustjóri á Litla-Hrauni og í Sogni.